

# Starfendarannsóknir

Jóhanna Einarsdóttir



Febrúar 2009

2009

RannUng

© Jóhanna Einarsdóttir

## Inngangur

Hugtakið *starfendarannsókn* hefur verið notað til að lýsa rannsóknum sem unnar eru af kennurum í skólum í þeim tilgangi að þróa og bæta eigið starf og skapa nýja þekkingu. Orðið starfendarannsókn er þýðing á því sem í ensku hefur oftast verið kallað *action research* eða *practioner research*. (Sjá myndbrot um action research á YTube [http://www.youtube.com/watch?v=Qg83f72\\_6Gw](http://www.youtube.com/watch?v=Qg83f72_6Gw).) Kennarar, sem taka þátt í slíkum rannsóknum, beina athyglinni að eigin starfsháttum. Prófaðar eru nýjar aðferðir sem kennararnir sjálfir taka þátt í að móta og gerðar eru athuganir á því hvernig til tekst með því að afla gagna sem síðan eru greind og túlkuð.

Hér á landi hafa starfendarannsóknir verið stundaðar um árabíl. Á áttunda áratug síðustu aldar hélt John Elliot námskeið fyrir kennara á vegum Kennaraháskólans og varð töluverð vakning í kjölfar þess. Á síðustu árum hafa íslenskir kennarar unnið starfendarannsóknir í meistara- og doktorsnámi (sjá t.d. Hafdís Guðjónsdóttir, 1993; Hafþór Guðjónsson, 2002; Lilja M. Jónsdóttir, 1995) og einstaka skólar hafa myndað hópa sem vinna saman að starfendarannsóknum (Hafþór Guðjónsson, 2008). Í maí 2008 var *Félag um starfendarannsóknir* stofnað (sjá heimasíðu <http://www.skolathroun.is/?pageid=56>).

### **Skilgreiningar**

Anderson, Herr og Nihlen (Anderson, Herr og Nihlen, 1994) nota hugtakið *practioner research* og skilgreina það sem rannsókn sem framkvæmd er af kennurum á eigin starfsvettvangi. Þau leggja áherslu á að um sé að ræða vel skipulagt ígrundandi ferli sem krefst þess að færðar séu sönnur á það sem gerist meðan á ferlinu stendur.

Anderson og félagar telja æskilegt að starfendarannsóknir séu gerðar í samstarfi við aðra, sem eiga hagsmuna að gæta, svo sem aðra kennara, starfsfólk, nemendur eða foreldra. Í sumum tilvikum er um að ræða samstarf við utanaðkomandi aðila, t.d. starfsfólk háskóla eða ráðgjafa sem hafa æskilega þekkingu.

McNiff og félagar (McNiff, Lomax og Whitehead, 2003; McNiff og Whitehead, 2003) nota hugtakið *action research* og leggja áherslu á að starfendarannsókn feli í sér nám sem á sér stað við athafnir (e. action) og ígrundun (e. reflection). Þau skilgreina starfendarannsókn sem aðferð kennara til að skoða eigin starfshætti í þeim tilgangi að ganga úr skugga um hvort þeir eru eins og þeir vilja hafa þá. Ef kennari er sáttur við það sem hann er að gera þá getur hann betur útskýrt hvernig hann starfar og hvers vegna hann er ánægður með starfið. Hann safnar gögnum sem færa sönnur á að svo sé. Ef kennari vill bæta starfið á einn eða annan hátt þá skipuleggur hann aðgerðir í því skyni að bæta það og að því loknu leggur hann fram gögn sem sýna hvernig starfið hefur batnað.

## Einkenni starfendarannsókna

Starfendarannsóknir eiga margt sameiginlegt með öðrum rannsóknum bæði megindegum en þó ekki síst eigindlegum. Eftirfarandi ferli er sameiginlegt öllum rannsóknum:

1. Rannsóknarefni er ákvarðað.
2. Markmið og rannsóknarspurningar settar fram.
3. Rannsóknarsnið (e. design) eða skipulag rannsóknarinnar tilgreint.
4. Gögnum safnað og skráð hvað gerist.
5. Viðmið sett fram til að meta gögnin. Í hefðbundnum rannsóknum eru rannsóknarspurningarnar oft viðmiðin. Í starfendarannsóknum verða viðmiðin til meðan á rannsókninni stendur.
6. Vísbendinga aflað og gögnin túlkuð.
7. Með tilliti til vísbendinganna er ný þekking sett fram.

8. Hin nýja þekking er tengd við þá þekkingu sem þegar er fyrir hendi. Þannig verður ljóst að um nýja þekkingu er að ræða en ekki endurteking á því sem þegar er vitað.
9. Kenningar eru nýttar til að varpa ljósi á, skýra og greina niðurstöðurnar.
10. Kallað er á gagnrýni og endurgjöf frá öðrum svo ekki sé eingöngu litið á niðurstöðurnar sem álit rannsakendanna.
11. Niðurstöðunum er dreift til annarra svo hægt sé að líta á niðurstöðurnar sem almenna þekkingu (McNiff, Lomax og Whitehead, 2003; Pascal, 2008).

Sérstaða starfendarannsókna samanborið við aðrar rannsóknir er sú að gengið er út frá þekkingu og gildismati starfenda á vettvangi. Rannsóknin er gerð innan frá en ekki utan frá. Kennarar beina sjónum að eigin starfi; því má segja að starfendarannsóknir séu persónulegar rannsóknir en þó alltaf framkvæmdar í samvinnu við aðra. Þær eru samvinnuverkefni þess fólks sem vinnur á vettvangi en geta einnig falið í sér samstarf við aðra aðila svo sem stjórnendur, ráðgjafa á vegum rekstraraðila, stefnumótunaraðila, háskólastúdenta eða háskólakennara. M.a. vegna þessa samstarfs og náinna tengsla við vettvanginn hafa starfendarannsóknir sterk siðferðisviðmið. Rannsakendur ræða siðferðileg mál varðandi samskipti rannsakenda og starfenda sem og viðkvæmar upplýsingar.

Starfendarannsóknir eru annað og meira en aðferð við að prófa nýjar hugmyndir til að sjá hvort þær virki. Áhersla er lögð á ígrundun og nám þátttakenda. Meðan á rannsókninni stendur skoða þátttakendur og ígrunda eigið starf til að öðlast dýpri skilning á eigin athöfnum og starfsaðferðum. Þetta krefst þess að spurt er álitinna spurninga um eigið gildismat og hvers vegna aðstæður eru eins og þær eru. Starfendarannsóknir eru valdeflandi og fela í sér margar raddir, m.a. raddir kennara og nemenda. Rannsakendur þekkja rannsóknarvettvanginn vel og hafa þörf fyrir rannsóknina og niðurstöðurnar.


Eins og í öðrum rannsóknum eru settar fram rannsóknarspurningar sem þátttakendur ganga út frá. Rannsóknarspurningarnar byggjast á persónulegri reynslu og þörf fyrir þekkingu. Gögnum er safnað á skipulegan hátt og notaðar eru kenningar til að skýra og

greina þær undirliggjandi hugmyndir, sem fólk hefur um starf sitt, og til að auðvelda því að skilja aðstæður sínar og athafnir. Niðurstöður rannsóknarinnar eru skráðar og gerðar aðgengilegar fyrir aðra (Anderson, Herr og Nihlen, 1994; McLeod, 1999; McNiff, Lomax og Whitehead, 2003; McNiff & Whitehead, 2003; Pascal, 2008).

## Ferli starfendarannsókna

Að baki öllum starfendarannsóknum er þörf fyrir að bæta og breyta starfsháttum. Kennarar, sem taka þátt í starfendarannsóknum, vilja rannsaka hvað er að gerast í starfinu og vilja bæta það. Þeir gera meira en að athuga og lýsa því sem fram fer, þeir grípa til aðgerða. Sett hafa verið fram ýmis líkön sem sýna ferli starfendarannsókna. Hér á eftir er eitt slíkt. Rétt er að taka fram að ekki er um að ræða línulegan feril heldur er farið fram og til baka, ígrundað, skoðað og endurskipulagt.

Mynd 1 – Ferli starfendarannsókna



Eins og fram kemur á efsta hringnum hefjast starfendarannsóknir með vangaveltum um starfshætti og gildismat, að kennarar ígrundi eigið gildismat, átti sig á hvað þeir telja mikilvægt og hvers vegna þeir kenna og umgangast börn eins og þeir gera. Áhersla er þannig lögð á að kennarar séu meðvitaðir um þau gildi sem liggja að baki starfsháttum þeirra. Þetta krefst þess að spurt er áleitinna spurninga um hvers vegna aðstæður eru eins og þær eru og hvernig athafnir kennara falla að þeirra gildismati. Ef kennarar komast að því að þeir aðhafast annað en þeir í raun telja rétt er skoðað hvaða hindranir eru í veginum og hvernig megi komast yfir þær og starfa þar með samkvæmt eigin sannfæringu og gildismati.

Kennararnir skoða núverandi starfshætti, ígrunda og taka ákvörðun um það sem þeir vilja bæta. Þeir koma auga á og afmarka það svið sem þeir vilja leggja áherslu á og þeir ganga úr skugga um að þeir geti haft áhrif til breytinga. McNiff og félagar (2003) leggja áherslu á að kennarar byrji smátt, einbeiti sér að afmörkuðum þætti starfsins og hugsni sem svo að þótt þeir geti ekki breytt heiminum þá geti þeir breytt hluta af honum; ef hver og einn kennari breytir starfsháttum sínum þá komist stærri breytingar fyrr í framkvæmd. Þegar viðfangsefni hefur verið ákveðið og afmarkað þá eru settar fram rannsóknarspurningar eins og fram kemur í öðrum hringnum. Þær geta t.d. hafist á „Hvernig get ég ...?“ eða „Hvernig bæti ég ...“ Meginhugmyndin er sú að kennarar spyrji spurninga um eitthvað í starfinu sem er mikilvægt fyrir þá og þeir vilja taka þátt í að endurskoða. Markmiðið er að bæta og breyta því sem þeim finnst skipta máli.

Því næst eru breytingar skipulagðar og ný vinnubrögð innleidd eins og sýnt er í næstu tveimur hringjum. Eftir að hafa skoðað starf sitt og viðhorf gaumgæfilega ákveða kennararnir hvaða leiðir þeir vilja fara. Breytingin er gerð yfirvegað og af ásetningu í samstarfi við samstarfsaðila. Meðan á breytingarferlinu stendur er upplýsingum og gögnum safnað skipulega eins og fram kemur á líkaninu. Fylgst er með og skráð sem nákvæmast það sem gerist. Þannig er hægt að gefa áreiðanlega lýsingu á því sem fram fer. (Hér að neðan er nánari lýsing á aðferðum við gagnaöflun.) Að lokum eru gögnin metin, túlkuð og ígrunduð og skýringar gefnar á því sem gerðist. Þá er starfið

endurskipulagt með tilliti til niðurstaðanna og ferlið heldur svo áfram (McNiff, Lomax og Whitehead, 2003; McNiff & Whitehead, 2003)

## **Gagnaöflun**

Þær aðferðir sem notaðar eru í starfendarannsóknum til að safna gögnum eru sambærilegar því sem gerist í öðrum rannsóknum. Meginmunurinn er að kennarar eru jafnframt rannsakendur og safna gögnunum. Einnig er lögð áhersla á að safna gögnum á öllum stigum rannsóknarinnar: áður en hafist er handa við breytingar, á meðan á breytingunum stendur og þegar þeim er lokið. Hér verða nefndar nokkrar algengar aðferðir við gagnaöflun.

1. *Dagbækur.* Þar sem kennarar eru rannsakendur eru dagbókarfærslur þeirra og vangaveltur afar mikilvæg gögn. Dagbókarfærslur eru vel skipulagðar dagsettar skráningar sem geta falið í sér:
  - a. Upplýsingar um: hvenær, hvar, hvað, hver, hvernig og hvers vegna?
  - b. Ígrundun eða vangaveltur um ákveðna þætti.
  - c. Námkvæma skráningu á ákveðnum atburði eða aðstæðum.
  - d. Stuttar frásagnir.
2. *Athuganir* felast í því að kennararnir fylgjast með starfinu og börnunum á skipulagðan hátt og skrá hjá sér það sem gerist. Þar sem oft getur verið erfitt að gera athuganir á eigin starfi geta kennarar fengið aðra til að gera athuganir eða nota myndbandsupptökutæki. Einnig er hægt að nota gátlista af ýmsu tagi til að merkja við ýmiskonar athugunarefni (sjá McNiff, Lomax og Whitehead, 2003, bls. 119–121).
3. *Ljósmyndir* eru notaðar í starfendarannsóknum til að sýna það sem fólk gerir og þær breytingar sem eiga sér stað á meðan á rannsókninni stendur. Þær eru einnig notaðar til að skrásetja ákveðna atburði, hvetja til umræðu og til að hjálpa fólki að rifja upp það sem gerst hefur.
4. Söfnun áþreifanlegra gagna, svo sem gagna um skipulag, bréfa til foreldra og verka barnanna.
5. *Viðtöl* eru algeng aðferð í eigindlegum rannsóknum til að skilja merkinguna bak við það sem fólk aðhefst. Í viðtölunum er spurt hvers vegna fólk gerir hlutina eins



og raun ber vitni, hvernig fólk upplifir aðstæðurnar, hvað því finnst mikilvægt eða hvernig það skilgreinir og skilur ástandið. Viðtölum er oft skipt í þrennt: Opin viðtöl, hálfopin eða hálfskipulögð viðtöl og lokuð viðtöl. Vegna eðlis starfendarannsókna eru viðtöl oftast óformleg. Yfirleitt er í upphafi notaður eins konar viðtalsrammi sem er ekki í mjög föstum skorðum heldur er gengið út frá þemum eða efnispáttum. Gert er ráð fyrir töluverðu frelsi bæði þess sem tekur viðtalið og einnig viðmælandans til að hafa áhrif á það sem talað er um (sjá nánar um viðtöl sem rannsóknaraðferð í Helga Jónsdóttir, 2003 og Kvale, 1996).

6. *Myndbandsupptökur* hafa töluvert verið notaðar í starfendarannsóknum. Kennarar geta tekið upp eigin athafnir og vinnubrögð eða athafnir og vinnubrögð hvers annars, horft á myndbandið í sameiningu, rætt og ígrundað eigin gerðir og skoðað hvort þær eru í samræmi við það sem þeir telja sig vera að gera og í samræmi við eigið gildismat. Svokölluð „polyvocal ethnography“, sem Tobin og félagar (Tobin og Davidson, 1990; Tobin, Wu og Davidson, 1989) þróðu fyrst í þekktri rannsókn um leikskólastarf í þremur löndum, er rannsóknaraðferð sem hefur verið notuð í starfendarannsóknum til að varpa ljósi á starfshætti og skoða þá út frá sjónarhóli ólíkra aðila. Í rannsókn Tobins og félaga voru teknar myndir í einum leikskóla í hverju landi. Rannsakendur klipptu myndbrotin saman og bjuggu til 20 mínútna myndband sem þeir sýndu eftirfarandi hópum:

- a. Starfsfólki og börnum í viðkomandi leikskólum.
- b. Starfsfólki, foreldrum og sérfræðingum í öðrum leikskólum í sama landi.
- c. Starfsfólki leikskóla og foreldrum í hinum þáttökulöndunum.

Þar sem þessi aðferð hefur verið notuð í starfendarannsóknum hafa kennarar tekið upp á myndband þætti úr starfinu sem þeir hafa deilt hver með öðrum (Pen Green Center, 2008). Kostir aðferðarinnar eru m.a. þeir að hlustað er á mörg sjónarmið. Hver kennari tekur upp þætti sem hann vill sýna og deila með öðrum. Fyrst horfa kennarar í hverjum skóla á upptökuna og í framhaldinu sýna þeir kennurum í samstarfsskólum. Áhersla er lögð á gagnrýnar spurningar og umfjöllun um starfshætti og gildismat. Allar umræður eru teknar upp á segulband eða myndband.

## Dæmi um starfendarannsóknir á sviði ungra barna

Þekkt dæmi um skólastarf, þar sem rannsóknir starfsfólksins eru hluti af starfi þess og skólastarfið byggir á niðurstöðum rannsóknanna, eru leikskólarnir í Reggio Emilia á Ítalíu og Pen Green-setrið í Corby á Englandi.

### ***Pen Green***


Pen Green er miðstöð fyrir ung börn og fjölskyldur þeirra í Corby á Englandi (Heimasíða Pen Green, 2009; Whalley, 2006, 2008). Þar hefur verið unnið brautryðjendastarf í starfendarannsóknum (e. practioner research) og rannsóknum með foreldrum. Litið er á starfendarannsóknir sem leið til að draga fram í dagsljósið reynslu flinkra kennara með það að markmiði að bæta skólastarfið. Gengið er út frá því að gagnrýnin sjálfsskoðun og umræða rannsakenda og annarra kennara um starfshætti leiði til framfara. Bein tengsl eru á milli rannsóknanna og símenntunar og þróunarstarfs.

Í starfendarannsóknunum í Pen Green fer fram samstarf kennara á vettvangi og sérfræðinga í rannsóknum. Lögð er áhersla á að:

- byggt sé á gagnkvæmu trausti þátttakenda;
- rannsóknirnar hafi jákvæð áhrif á alla þátttakendur;
- afla gagna sem eru túlkuð og skýrð af öllum þátttakendum;
- beina sjónum að spurningum sem þátttakendur sjálfir spyrja;
- niðurstöðurnar beinist að því að bæta starfið.

Mynd 2 sýnir líkan sem rannsakendur og kennarar í Pen Green styðjast við. Þátttakendurnir ræða saman, skoða starf sitt og gildismat og öðlast þekkingu sem þeir geta yfirfært á eigin aðstæður. Þeir breyta starfsháttum sínum og skapa nýja þekkingu.

## Mynd 2 – Starfendarannsóknarlíkan Pen Green



Myndbandsupptökur eru mikilvægur liður í starfinu í Pen Green. Í rannsóknunum er stuðst við aðferðir Tobins og félaga sem kynnt var hér að framan (Tobin og Davidson, 1990; Tobin, Wu og Davidson, 1989). Myndbandsupptökuvélar eru notaðar til að taka upp daglegt starf og einnig eru myndbandsupptökur ríkur þáttur í samstarfi við foreldra. Þá taka foreldrarnir upp athafnir barnsins heima við og kennarar og foreldrar skoða myndbandið saman og ræða og ígrunda nám barnsins og þroska.

### ***Reggio Emilia***

Leikskólar í borginni Reggio Emilia á Ítalíu hafa á síðustu áratugum hlotið verðskuldaða athygli fyrir hugmyndafræði og leiðir í leikskólastarfi. Forsvarsmenn í Reggio Emilia hafa markvisst hafnað því að setja fram námskrá, leiðbeiningar eða líkön til að lýsa starfinu.

Þeir líta hins vegar á starfspróun kennaranna sem mikilvægan þátt starfseminnar. Með nákvæmri skráningu (e. documentation) skoða kennararnir á kerfisbundinn hátt hvernig börnin læra. Með því að hlusta á og skrá upplýsingar um iðju barnanna, hugmyndir þeirra og tilgátur er nám barnanna gert sýnilegt. Í framhaldi af því skoða kennararnir og hugleiða eigið gildismat, starf og aðferðir sem þeir nota til að styðja við nám barnanna. Skráningin getur verið í ýmsu formi, getur t.d. falist í verkum barna, ljósmyndum, samtölum, viðtölum, hljóðupptökum eða myndbandsupptökum. Skráningin er ígrunduð í umræðu við aðra fagmenn, börnin eða foreldra þar sem áhersla er lögð á að styrkleikar barnanna séu metnir og gerðir sýnilegir (Edwards, Gandini og Forman, 1998; Rinaldi, 2005).

## **Að lokum**

Hér hefur verið gefin stutt lýsing á þeirri rannsóknarhefð sem fengið hefur íslenska heitið starfendarannsóknir. Skilningur manna á því hvað felst í þeim rannsóknum er þó ekki algildur og ekki verður litið svo á að einungis sé hægt að feta eina slóð. Fremur er um að ræða margar leiðir að því markmiði að bæta skólastarfið og skapa þekkingu sem hefur jákvæð áhrif á starfshætti í skólum og þar með á uppeldi og menntun barna.

## Heimildir

- Anderson, G. L., Herr, K. og Nihlen, A. S. (1994). *Studying your own school: An educator's guide to qualitative practioner research*. Kalifornía: Corwin Press.
- Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (ritstj.). (1998). *The hundred languages of children: The Reggio Emilia Approach-advanced reflections*. Greenwich, Connecticut: Ablex.
- Hafdís Guðjónsdóttir (1993). *One teacher effort*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: University of Oregon.
- Hafþór Guðjónsson (2008). Starfendarannsóknir við Menntaskólann við Sund. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Slóð: <http://netla.khi.is/greinar/2008/002/prent/index.htm>
- Hafþór Guðjónsson (2002). *Teacher learning and language: A pragmatic self-study*. Óútgefin doktorsritgerð: Vancouver University of British Columbia.
- Heimasíða Pen Green. (2009) Sótt 20. janúar 2009 af <http://www.pengreen.org/>.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, Kaliforníu: Sage.
- Lilja M. Jónsdóttir. (1995). *Integrating the curriculum: A story of three teachers*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: The Ontario Institute for Studies in Education. Toronto.
- McLeod, J. (1999). *Practioner research in counselling*. Thousand Oaks, Kaliforníu: Sage.
- McNiff, J., Lomax, P. og Whitehead, J. (2003). *You and your action research project*. London: Routledge/Falmer.
- McNiff, J. og Whitehead, J. (2003). *Action research: Principles and practice*. London: Routledge/Falmer.
- Pascal, C. (2008, nóvember). *Practioner research: An intellectual adventure story at a tipping point?* Fyrirlestur á málþinginu Practitioner Research: Practical Action, Corby, Englandi.

- Pen Green Center. (2008). *Making children's learning visible: Pen Green Research, Training and Development Base engaging with the Northamptonshire nursery schools 2008–2009*. Corby, Englandi: Höfundur.
- Rinaldi, C. (2005). Documentation and assessment: What is the relationship? Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (ritstj.), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 17–28). Bristol, Englandi: The Policy Press.
- Tobin, J. og Davidson, D. (1990). The ethics of polyvocal ethnography: Empowering vs. textualizing children and teachers. *Qualitative Studies in Education*, 3(3), 271–283.
- Tobin, J., Wu, D. og Davidson, D. (1989). *Preschool in three cultures: Japan, China and the United States*. New Haven: Yale University Press.
- Whalley, M. (2006). *Involving parents in their children's learning*. London: Sage.
- Whalley, M. (2008, nóvember). *Pen Green research*. Fyrirlestur á málþinginu Practitioner Research: Practical Action, Corby, Englandi.

